# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar, Niflheimur, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Niflheimur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-13, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

og hrollurinn eftir
heljar kvöld.

Ennþá í sorg og
sælu þráður;
sárt er þá slitna
lífsins rætur.

Angurblítt nú þær
syngja á sveimi,
senda skilnaðar
kveðju heimi

Sorgblíðum yfir
söngva bárum
augum myrkvast af
minningar tárum

Sorgstillt hinn hvíti
flokkur fer;
síðasti harmurinn
hugi sker.

Smámsaman vegurinn
hægist hár,
hýrar skín sólin
í gegnum tár.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stríðandi flokkurinn
stígur feginn,
regnbogar hvelfast
rétt yfir veginn.

Í regnboga skjóli
skundar hann inn
háa vegu í
himininn.

Geiglaus í hættu,
glaður í sorg
nær hann háreistri
himinborg.

Hærra svella þá
söngsins hljóð,
sáluhólpinna
sigurljóð.

Hólpnar sálir
með hlýjum klið,
heilsa með söng
þeim mikla frið.

En einförum hikandi
[illegible] um sinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

segja: „Er þetta
vegurinn minn?“

Þeir litast um, stiga,
stöðvast brátt:
„Getur leið vor
legið svo hátt?“

Að þeir fái að halda
yfir himinbrú
von þeirra yfir
tekur og trú.

Að völunni snúa
um síðir sér:
„Seg oss, hvort þetta
vegurinn er.“

Á sólský valan
þeim bendir breið:
„Þar er hólpinna
himinleið.“

Systirin brosir:
„Nú birtir af tíð
gleðinnar þeim, er
staðist sitt stríð.

Nú halda þeir hreinir sem
lín
til hæða, þar guðs ljós
skín.

Þeir svífa með sigur-
bogum
til hæða að guðs ljóss
logum.

Lausum við heim og
hel
heppnast þeim ferðin
vel.

Leystir úr villu og
vanda
vinna þeir sælu, er mun
standa.

Hér er sá heilagi
staður,
er harmurinn fagnar
glaður."

Telpan

Aldrei heyrði ég svo sælan söng,
svo leið mér aldrei vel.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef allir mætti slíks yndis njóta,
enginn þá gisti hel.

Aldrei svo himinhreinan söng
heyrði eg né fann í gleði.
Systir mín, hverjir heilagir menn
hljóta svo skínandi gleði:?

Systirin

Heilagir hreint ei þeir voru
heldur en þú eða ég;
annar syndara sálir hér eru,
er sér kusu hinn góða veg.

Þar er með saknaðar sáru
svíðandi beiskjuhlít
alt ilt og saurugt brældu og brendu
og bægðu úr huganum út.

Þar sem létu lífið
og lífið sér þannig tryggðu,
þar sem í stríði við sjálfar sig
sjálfum sér vígi byggðu.

*

Nú þar að himins
hlíði bar;
skínandi letur
litu þar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar horfa á letrið með
hugfögnuði:
„Hér hvíla þeir, er
sofnuðu í guði."

Er hliðinu sálirnar
safnast að,
sankti-Pétur stendur
og opnar það.

Kveðjan verður þeim
valin blíð:
„Velkomnir heim
eftir mikið stríð."

„Velkominn, ljósið
verndi þig,
sem fundið hefir
frelsarans stig."

Sumir fara þar
frekleg að;
hinn heilagi Pétur
þolir þeim það.

Konungur ber þar
fram kröfu sína:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Ég kristnaði land,
fá mér krónuna mína!“

Og Pétur gegnir þá:
„Gakk inn nú,
því að ekkjunnar rentir
ei réttir þú.“

„Sjó“ kirkjur að gera
er ríks manns rann“,
þar auðmaður hrópar
og heimtar sín laun.

„Þú sleppur,“ var svarið,
„við Niflheims nauð,
því að aumingja sjúkum
sendir þú brauð.“

Prestur kvað drjúgur:
„Ert dómari þú?
Þá einu réttu
ég hafði trú.“

„Kom hingað,“ kvað Pétur,
„í himinfrið.
Fátækri kerlingu
fórstu þú við.“

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til hinna bljúgu,
sem varla voga
undir hans ljósu
augna loga,
hugdeigra, sem voru
hæddir á storð,
talar hann hlýleg
huggunar orð.

Einn veslingur stamar:
„Það ómaklegt er;
ég ætlaði mér ekki
að koma hér.

Að hingað rekst ég
er raunalegt sport.
Ég hef víst aldrei
gert neinum gott.

Til þessa er ég of
lítilfjör-legur;
enginn hélt að sá
væri minn vegur.

Ræfill var ég og
ræfli að
rétti ég oft bita,
satt er það.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá sögðu allir, sem
þekktu hið rétta,
að ég til ógagns
athefðist þetta.

Mjöl skyldi ég spara
mitt og smér
og safna ögn
handa sjálfum mér.

Send mig þangað,
er sæti ég á;
ég fæ harðari dóm,
ef þeir hér mig sjá."

Með ljósbros í augum
hinn á hann sér:
„Velkominn son,
þú átt heima hér.

Þú barðist vel fyrir
þinum og þér
og gafst þeim, sem minna
græddu sér.

Sá grautur, er þú
með öðrum skiftir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er miklu betri
en bæn og skriftir.

Oft þig drottinn í
fátækt fann;
þú tókst honum vel
og hýstir hann

Drottinn kalinn
í kuldanum lá;
þína sítustu flík
þú fékkst honum þá.

Fjársjóðinn hér þú
finnur þinn;
gakk því hiklaust
til hvíldar inn!"

Sálina hrædda
hrífur strangt:
„Mér er það ljóst að
þig minnir rangt.

Bar drottinn þurfandi
að mínum inni?
Mýkti ég nauð hans
nokkru sinni?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Annars að minnast
ég ennur hefi;
sést það í þessu
syndabréfi."

Sundur reif Pétur
syndabréfið:
„Drottni, hvað fátækum
gafstu, er gefið."

Brosir þá himneskur
biskupinn:
„Þú jókst hér gæða
og gakk þú inn."

Þá kemur fram annar:
„Það auðsætt er
að ég er bara að villast
hér.

Enginn í guðfræði
ég vissi skil
og sjaldan kom ég víst
kirkju til.

Mér var líka
um og ó að trúa;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því verð ég sem fljótast
við að snúa.

Að þekkja og skilja
mín viðleitni var;
en alllítið varð mér
þó ágengt þar".

En Pétur svarar:
„Þú hefir það hrós
að þú vaktir með þinni
þekkingu ljós.

Þú leitaðir trútt
og af heilum hug,
til sannsögli hafðir
þú djörfung og dug.

Hér eru sannleikans
upptök og ós;
gakk inn, ef þig munar
í meira ljós."

Hinn þriðji af leið
vill líka snúa,
kannast við að hann
kunni ekki að trúa.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Eg orti söngva,
en als eigi þá
heilagir menn munu
hirða að sjá."

Pétur brosti: „Svo
bjart þig dreymdi,
að því, sem þú vanst
til góðs, þú gleymdir.

Hið fagra þú stundaðir
fram að hel,
hið fagra er guð,
og hann er þér vel."

Undrandi, fegnir
fram þeir sér voga
inn undir himin-
hliðsins boga.

Glaðir veginn nú
þora að þræða,
er liggur þar upp
til hæstu hæða.

*

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Telpan

Systir mín góða, seg mér rétt,
því að sannleikur hagir geti,
hversu syndugir hljóta menn
svo himinskínandi gleði.

Algengur vesalingur óhreinn og ljótur
og ástríða sinnar þræll,
hve má hann vafinn hvítu líni
hvíla í ljósinu sæll?

## Systirin

Vesalir menn í syndum sínum
sig inn í hreinleikann keyptu
hvert sinn er þeir, þótt annað væri,
í ást sinn vilja beygðu.

Þeim skilaði fram, þegar eggjunar orð
ei þeirra bitu hug,
er vandri hugann þeir hrundu brott
og hefndinni vísuðu á bug.

Og stríð, er gleymdu þeir eigin hag
og unnu að markinu háa
og börðust fyrir því fagra á jörð
og fríðuðu veika og smáa.

Og þegar þeir sigruðust illu á
þeir íklæddust hreinleiks feldi,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir urðu, er friði þeir gerðu gagn,
geislar af drottins eldi.

Telpan

Systir mín væna, spyr völuna, hvort
mér vilji hún auðsýna mildi;
í Gjörheiminum fagra fara með þér
nú fegins hugar ég vildi.

Systirin

Valan skekur sitt hvíta höfuð
hjúpaði kolsvart lín;
þótt heilagri værir þú öllum öðrum,
ofstór er bæninn þín.

Hún horfir á þig, hún háa
harmblíð og föl á kinn;
úr líkamsgerfi þú fyr mátt fara
en fær þú að koma þar inn.

Í uppheimi skín guðs ofurbirta
sem ótal sólir um tind.
Þá undrageisla þú ei mátt þola,
þá yrði systir mín blind.

Og uppi hjá guði þar hljóma hátt
himingígjanna strengir,
ef þú heyrðir þann undrasöng
þú engilvængi fengir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef þú heyrðir þann himinsöng
og hreimanna þrotlausan auð,
jörðina mundir þú ei þola
né þvarg hennar arg og gnauð.

Telpan

Aldrei verð ég brúður, né bera
nein börn til skírnar má.
Alshugar fegin ég vil deyja
ef ég fæ guð að sjá.

Systirin

Á völunni sé ég að ennþá er
þinn dreiþráður ei spunninn.
Þú mátt ekki óska þér andláts fyr
en þinn örlagadagur er runninn.

Vala

Heil af helvegi
heim þú farir;
boð og erindi
bera skalt þú;
vísdóms mál
veist þú gerla;
lífsins vorn þér
leiðir syndar.

Gengur af jörðu
grimmur dómur;
eyðist í eldi
hið engu nýta.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagar hatur
og heift á jörðu,
eyðist veröld
af ófriði.
En hulið og kyrt
með hlífum svölum
frjálst er og fagt
friðar ríki.
Hjá mildum blómgast
hið mesta þar;
hernaður ei,
en heimafriður;
ekki brennur,
en bætur við skaða;
arður, en ekki
eyðslubrenni.
Sá er þar maður
mestur talinn,
er hlýðir þeim lögum
sem hann sér hans;
sigursæll hver,
er sveigir viljann
og hefir taum
á hörðu skapi.

Gott er vitrum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að gefa sitt,
þeir skulu erfa
og eiga heiminn.
Óvörum kemur,
sá öllum er meiri,
heimtir sína
frá suðri og norðri,
vald þeim vinnur
og veldi gefur,
verndar heilagt
og háleitt tryggir;
mannheim í miðjum
norðheimi vígir;
skyggnir kunna
komu hans þegar;
raddir í austrum
æpa hans nafn.

Friðsömum skalt þú
fylgja að stríði.
Einir þeir fara
en öflugir þó.
Vísdóms mál
veist þú gerla,
lífsins vorn þér
leiðir sýndar.
Tel eg þig sæla
til sannleiks kjörna;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gakk þú í frið
og farnist þér vel. —

Nú morgun-ljóminn
logar og skín
um heiminn, en valan
er horfin sýn.

Telpan í systur
heldur hönd,
svo svífa þær yfir
hin ljósu lönd.

Hólpinna ~~Englanna~~ söngur
svífur stillt,
lækkar og deyjur
mjúkt og milt.

Stjörnurnar leika
um himininn;
telpunni falla þá
tár um kinn.

Svo skilst alt sundur
í skjálfandi ljós
og titrandi hreim
að himinsins ós.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Telpan veit ei,
hvern veg hún fer:
hún vetur í skýjum
í jörð hún er.

Henni er sem í bjarma
blundi linni;
hún greipir höndina
á systur sinni.

Sem höfga og svefna
hörfi þá,
hverfur í ljósið
systirin þá.

Berst upp í ljósið
og brosir viður;
ljúfan ber óm
úr lofti niður.

Systirin.

Nú, systir mín, er þá mál að skilja,
þér morgunsól rennur heið.
Njót æfifriðar í ungu hjarta
og ánægð far þína leið.

~~Annan heim þú hlaust að sjá,~~ ] ut

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~svo að hinum megirða týna:~~
~~Vor sigurvon er að sinna hver öðrum~~
~~sáttlát, en engum týna.~~

Kenn þú nú öðrum, hvað þú sást
á himni og í myrkra díki:
Sjálfs afneitun er sigurvonin
í sannleikans mikla ríki.

*

Telpunni emmþá
veittist varmi
af hendi, er sér
hún heldur að barmi –

Heldur svo sem hún
hélt fyrir skömmu
í höndina á henni –
gömlu mömmu.

Gamla konan sat þar
sænginni hjá;
af feginleik grét hún
og gleðst þá.

„Nú, veslings telpa mín,
vaknarðu fyrst!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú hélt ég að ég
hefði þig misst.

Sjö daga lást þú
sem liðinn nár; -
ertu lifnuð við?
e, líður þér skár?

Hjá rúminu tvær
þær talast við;
telpan hvílir sig
langa bið.

En óðar en fær hún
mál og mátt,
segir hún frá sínum
ferðum hátt.

Á telpuna mamma
mænir ín bleik:
„Þú komst þó, guði sé
lof, úr þeim leik.

En heilög munt þú
að vísu vera,
fyrst valin ertu
svo þungt að bera."

"

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Hin vitra meyja.

Nágrannar safnast þar
saman þá;
hún segir þeim báðum
heimum frá.

Einn dag hún heilbrigð
á fætur fer
til hversdags starfa,
sem henni ber.

Hún er söm og fyrrum,
en fritsæl ró
yfir henni sem
bjarmi bjó.

Er einsog fyrrum
en inni
lá mýkt yfir ~~hug~~
hug og minni.

— " —

Í öllum lærdómnum
eftir hún fer;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sá veginum hennar
yndi er.

Með ástúð stundar
hún eigin mætur,
uns dauðinn aldrei
hvílir hljótur.

Svo baslar hún áfram
ein fyrir sér
og hugljúfi nálega
hvers manns er.

Hún baslar, saumar
og snældu snýr;
hún annast menn
og hún annast dýr.

Hún sýslar um börn
og sjúkra störf
og hlynnir að öllu,
sem hefir þörf.

En eitt er þó ríkara
en áður hún vanti:
óvild til þeirrar, sem
piltinum rænti.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hún freistar að gleyma
í huga hrein;
en holdsins veikleiki
gerir mein.

Hún hugsaði oft:
nú er það þó gleymt;
en aðeins var það þá
dýpra geymt.

Og þegar hún hélt það
lægi lágt,
það logaði upp
að nýju dátt.

Við þetta barðist svo
viljinn görð,
en þráin sat heit
í holdi og blóð.

En herrann hjálpaði
bráðum
og honum svifti frá
báðum.

Til bjargar herrann
heim

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hreif hann frá báðum
tveim.

Þá var sem hrykki
bönd af barmi;
þá létti þeim beiska
hugar harmi.

Nú fyrirgaf hún,
nú gat hún það,
og hlýleikinn streymdi
hjarta að.

Við ekkjuna sagði hún:
„Lát ilt vera gleymt;
hatrið er eins og mig
hefði það dreymt“.

Grátandi ekkjan
gegndi með stilli:
„Nú guð hefir okkar
dæmt í milli“

— " —

Telpan eldist fljótt
upp frá þeim degi;
þó enn þá sést hún
á kirkjuvegi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Staulast hún þangað
við stafinn sinn
að leiði, sem undir
býr elskhuginn.

„Þú verður hinn síðasti,
varst sá fyrsti,
því ástfólgnari
er ég þig misti.

Þín var ég brúður,
þú varst mín sorg;
ég hlýt þig að fullu
í himins borg."

Gjarnan hún lifir;
glöð vill hún deyja;
úr telpunni varð svo
hin vitra meyja.

——— IV ———

Endir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeyta lungum
lúður sinn,
ef nokkur kona
þar ætlar inn
og klæðin þykkja ei
af þeirra tagi
og gleraugum ekki
með líku lagi.

Þras er og læti
og þrætutal;
áfriðargnýr
úr dali í dal.
Reynt þar af kappi
í klúbbnum er,
hver kunni að
hrinda best af sér
ágangi hörðum
úr hverri átt,
utan og handan
og hátt og lágt.
Að orðleikni getst
hér ágætlegast,
með orðum hér
þeir og munni vegast;
gjár og kletta hér

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gnýrinn slær
sem glymji af
markaðsópinu bær.
Hví urrar og murrar
um hæð og hól
sem hrafnsungager
við krumma ból,
ýlfrar og hvellur
með hvin og læti
sem hafstormur þjóti
í utanvatn;
og verst brennur hatur
sem hitapest,
þar sem um kærleik
er kjaftað mest

Gjá við gjá
og maður við mann
berst á meðan
hann belgja kann;
hópur við hóp
mun hernað stæla
og berjast uns þeir
ei mega mæla;
hvæsir í barki,
ýlfrar í neið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á ólátagjamri ei
verður þurð.
Eiturörvar
og eldkleggi flýgur;
eitt orð má skilja:
„Þú lýgur! Þú lýgur!“
Í arginu gjóta þeir
augum á snið
og orðaskakinu
býður við;
í eldmóði sínum
með æðri reika;
hvalögum slær
á hugi bleika.

Völvan

Skýrið orðin
svo skiljist mál

Hróp

„Þeir ljúga með raup og
raus!
Vér vitum það vorum á
hnaus!“

„Þeir ljúga sem jafnan þeir
lugu!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vér vitum það varri í
snugu."

„Hér þarf ekki um að
prata;
vor gleraugu sannleikans
gata."

„Víst er, þótt felli
flest,
vor gleraugu verða þó
best!"

„Gegnum þau mega menn
sjá:
hér aleins er úrlausn að
fá."

„Vor gleraugu gagnsæ og
hrein
veita sannleiks sjónina
ein!"

„Hið sanna veit norður og
niður;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjá oss aleinum er
friður!"

Svo rífast þeir rumpa og
kíta;
hermdarorð hugi
slíta.

Árfoss af orðum
þungum;
svenn eymast af eldkleggja
stungum.

Telpan

Hvað er þetta yfirtaks eymdarvol
og óstjórnlegt málaþóf?

Systirin

Hei sjöhundrað þúsund vitringar vegast
um vit sitt og kunna ei hóf

Sú þrætan löng er frá lífsins tíð
út úr lærdóms og visdóms grunni
og stendur, uns hasin heftir tal
og herpist tungan í munni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Telpan

Að síðustu vinna þá sannorðir menn
og sannleikans umbun hljóta?

Systirin

Órétt hafa þeir allir saman
og illa síns lærdóms njóta.

Telpan

En hvaða rúnum er hlaðið
á höfuðbjór þessara manna?

Systirin

Dýrsins merki. Þeir mátu völd
meira en leit hins sanna.

Þeir þráðu völd og virðing
og vitringa nafn og hrós,
er skyldu í myrkum manna heimi
mikla hið eilífa ljós.

Þeir leituðu að fylgifiskum
og fjöld, sem þeim vildi trúa
og kusu þá heldur hörðum sannleik
á hægra veg að snúa.

Kenning ei sveigðu þeir sína,
en sannleikann beygðu þeir oft;
nú ganga þeir hér og þranka og þrata
og þeyta sinn magra hvoft.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En sveitamesta sorgin
er sár og tregafull,
að sjálfir vel þeir vita
að þeir verja eintómt bull.

<u>Telpan</u>

Í hvaða lesting liggja þeir,
svo að lausn þeir mega ei finna.

<u>Systirin</u>

Ábrýstir logandi ein því veldur:
aðrir mega ei vinna.

*

Mánvildis glymur
glórir í,
er vitringar stafrofi
vefjast í.

Glórir í rautar
glymur hér,
er vitringar strita
við stafrofskver;

sitja hér barna
bekkina,
strita og stafa
b, a, ba.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sitja með skelk
en skjálfa kné,
stríta og stafa
b, e, be.

Með ítri fordæst þeir
beygning og högg.
Skóladjöflanna
skipun er snögg.

Kvíldarlaus vinnan
verður þeim löng;
skóladjöflanna
skipun er ströng.

Skóladjöflarnir
skilja ei bón;
refsingin eltir þar
yfirsjón.

Í skólanum vitringa
skjálfa kné,
þeir stríta og stafa
b, e, be.

Kveða' að og stafa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öld og ár.
Í drifhvítt skeggið
þeim drjúpa tár.

---

Telpan:
Hví er við barna haldið starf
þeim, er heiðvaktir skyldi vera?
Systirin:
Þeir sem vísindin öfug yrkja
þeir eiga þá smán að bera.

Þeir veltu voninni af stóli,
sem vesölum gefur auð,
þeir sögðu: Byggjum á svikum heims,
þótt sannindi komist í nauð.

Og vitandi vér skulum byggja
þeim versta fenginn á;
himinborinni verslum von
fyrir vissu, þótt hún sé smá.

Þeir sögðu: Héðan úr heimi
hverfa draumar á burt.
Leitum að okkar eigin hag,
svo ekki étum við þurt.

Og Mammons brennimark bera

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir brent á hvarta Krim.
Þeir hófu Mammons ríki úr rústum
og reistu honum hástólinn.

Með reikningslist yfir löndin,
sú listin er skilagóð,
þeir leituðu upp gullsins lindir.
Sú lindin er mannablóð.

Þeir reiknuðu sig yfir ríkin,
þeir reiknuðu löndin full;
Þeir ketilinn sáu, er sjálfur Mammon
sauð í úr bláð gull.

Þeir tóku þar trissur og rokka
og tæki með hjólum og örmum,
sem Mammon geymir, er greiðir og sp[illegible]
gullband úr mannaþörmum.

Svo glögt var aldrei áður reiknað
og aldrei svo mikið gull;
en aldrei var lífið svo aumt og fát[illegible]
og eymdin svo kvalafull.

Þeir sögðu: Allt er svipur einn
og sannfeigir heimar auðir;
drekkum og étum mikinn mat,
á morgun liggjum vér dauðir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þeir áttu í lífsins stríði að standa,
en struku þaðan brott.
Þeir sögðu: Alt er einskis virði,
og eigum í fríði gott.

Og á hið illa þeir trúðu,
en úlfúð brjóstið hýsti,
hræddu jörð, sem þeim huggun bar,
og himininn sem þeim lýsti

Aldregi neitt þeim aumu mönnum
áhuga vakti og gleddi.
Ekkert höfðu þeir hugumkært,
þeir hlógu, er feigum blæddi.

Telpan:

Hvaða dvergar húka þar ystir
og hefja fræðarans?
Kroppurinn vesall er næstum ekkert,
en alt er tómur hans.

Höfuðin eru sem hlútir stórar,
en hálsarnir einsog strá.
Ófreskjur slíkar ég aldrei fyrri
hjá álfum né mönnum sá.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Systirin

Fákan vitringa-flónin,
sem fræddust á alla lund,
en gleymdu lífsins leyndardómi
og ljúfustu dagsins stund.

Vitringa-flónin fákan,
sem fóru ekki stofunni úr,
en byggðu sér út úr lífsins ljósi
með löngum bókamúr.

Þeir skóla og lærdóm létu
sér lífið og heiminn vera;
þar eru þeir, sem alt vildu skilja
en ekkert vildu gera.

Innanvið háreist klitin
þeir hugsa í skálanum þurt;
hugsunin þroskast, hverfur vilji
hjartað visnar burt.

Sálin varð storknað kenningakerfi,
það kerfi var hart og kalt,
að bókahyllur höfuðið varð,
en hjartað þornaði alt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vitringa-flónin fáklan
framar hér enginn metur;
í skólann eru þeir látnir labba
ef læra mættu þeir betur.

Telpan

Hverjir á svartanum svarta
sönglandi í fjarskann stara,
trega með löngum Gátum
og lofa jörðina græna?

Systirin

Þar eru þeir óglötu seggir,
sem ei vildu lífið þakka,
og sáu aldrei að grundin var græn,
þótt gerðu þeir víða að flakka.

Þar er hin síþreyta sveitin,
á sitt hún varð ei þreytt;
hvað sem þeir fengu og hvering sem leið,
þeim hugnaði aldrei neitt.

Hvað sem þeir fengu og hvering sem leið
þeim hugnaði næsta fátt;
þeir hvörfluðu víða að heimta sól,
en hvar sem þeir fóru, varð nátt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvers sem þeir reyndu í heimi að freista
og hvert sem þá veginum bar,
allir vildu þeir ólmir vera
annarstaðar en þar.

Svo reika þeir aftur og reika fram,
rénar vonir og fækka.
þeim hugnar ekkert og hamingja lítil
heldur áfram að smækka.

þeir formæltu því, er fæðing þeim
svo fánýtan heim skyldi velja,
og jörðin fanst þeim svo beina-ber
að betri þótti þeim Helja.

þeir lofuðu dauðann dimma,
til dyra hans sig teygðu,
og lífinu, þeirri ljúfu gjöf
þeir leiðir burtu fleygðu.

Nú hér í svaðanum svarta
þeir sitja með grát og hljóð
og yrkja um jörðina iðjagræna
áslitin tregaljóð.

×

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Telpan

Hver er sá prestur á heimi heimi
um herðar með eldkraga rauðan?
Aldregi fann ég fyr neinn mann
svo fölan, lífs eða dauðan.

Völva

Heyr!

Presturinn

-- Já, oss hann leysti
undan vorum skyldum;
lagði sjálfan sig í sölurnar
svo að vér ættum hægt;
neitaði sér um heimsgleði,
svo að vér mættim njóta
og hafa himins von;
hélt lögmálið,
svo að vér mættim lögmálið brjóta;
var hlýðinn, svo að vér ei
hlýða þyrftum;
elskaði,
svo að vér mættim hata;
gerði alt fyrir oss,
svo að vér gerum eftir eigin vild
og skreytum oss með hans nafni
og höfum orð hans eftir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fágum oss með blóði hans
og hyljum rotnum vora;
já, bræður! — — —

Bræðurnir hrópa
af hugar meini,
hrinda klerki
af háum steini.

Alvarlegur fram
annar prammar;
verður sér alveg
eins til skammar.

Annar prestur

Komið til vor!
Hjá oss er svo
sem hinum auðuga manni,
sem klæddist purpura
og pelli dýru
og lifði dag hvern við glaum og gleði.
En fátækum manni,
Lasarusi,
var fleygt við dyr hans
fullum af sárum;
vildi hann mettast af molum,
er féllu ofan af auðmannsins borði.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur